



FYRIRSPURN

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Fulltrúi Flokks fólksins

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð 23. nóvember 2023: Fyrirspurn um kosningaþátttöku í verkefninu hverfið mitt

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um ástæður þess að kosningaþátttaka í Hverfið mitt hefur dalað mikið milli ára. Árið 2021 var hún 16.4 % en er nú 12%. Áberandi lægst er útkoman í Breiðholti, Vesturbæ og Miðbæ. Er vitað til þess af hverju þátttaka er svo dræm í þetta lýðræðisverkefni? Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að þetta verði skoðað með tilliti til framtíðar. Hverfið mitt er dýrt verkefni í meðferð borgarinnar, það krefst auglýsinga og mannafla. Nokkrar vangaveltur hafa einnig verið um lýðræðisþáttinn þegar kemur að því hvaða verkefni sem er ofarlega á lista eru framkvæmdar og hvernig endanleg útfærsla er. Skemmst er að minnast á Vulgar stigann í efra Breiðholti sem fór fyrir brjóstið á fjölda manns. MSS23110145